



Þingeyjarsveit

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Arnstapa

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar samþykkti þann 28. maí 2020 að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Arnstapa samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulagsbreytingin felur í sér að skipulagssvæðið er fært upp að girðingu sem afmarkar það svæði sem er í landbúnaðarnotkun og fjölgar lóðum um tvær, úr tíu í tólf og stækkar deiliskipulagssvæðið úr 10,9 ha í 12,1 ha.

Tillagan að breytingu mun liggja frammi á skrifstofu Þingeyjarsveitar, Kjarna, 650 Laugar, frá og með miðvikudeginum 8. júlí 2020 með athugasemdarfresti til og með miðvikudagsins 19. ágúst 2020. Þá eru upplýsingar einnig aðgengilegar á heimasíðu Þingeyjarsveitar: <https://www.thingeyjarsveit.is/is/stjornsysla/skipulagsmal/skipulagsauglysingar> sem og á skrifstofu Þingeyjarsveitar, Kjarna, 650 Laugar.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar. Frestur til að skila inn athugasemdum rennur út miðvikudaginn 19. ágúst 2020. Skila skal athugasemdum skriflega til skrifstofu Þingeyjarsveitar, Kjarna, 650 Laugar og/eða í tölvupósti á netfangið: gudjon@skutustadahreppur.is. Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillögurnar innan tilskilins frests teljast þeim samþykkir.

Guðjón Vésteinsson

Skipulagsfulltrúi Þingeyjarsveitar